

Alþingi
Erindi nr. P 143/101
komudagur 31.10.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. október 2013


**Efni: Frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar. –
22. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 18. október 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að nýr Norðurlandasamningur um almannatryggingar verði lögfestur. Í þessum samningi er eldri samningur uppfærður með tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið á almannatryggingalöggjöf Evrópusambandsins. Norðurlandasamstarf á sviði almannatrygginga á sér langa sögu enda er stærsti hluti Íslendinga sem flust hefur erlendis búsettir á Norðurlöndum.

Tryggingastofnun telur því mjög mikilvægt að frumvarpið verði samþykkt enda hefur samningurinn jákvæð áhrif fyrir þá sem falla undir íslenska löggjöf og fara á milli Norðurlandanna.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri